Őreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?


Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

35. tölublað Þriðjudagur 19. september 1978 verð kr. 100. -

Hvað er INSI?

Hvað er Iðnnemasamband Íslands og hvaða tilgangi á það að þjóna? Iðnnemasambandið er hagsmunasamtök allra iðnnema félaganna og eiga þau að hafa heildar yfirsýn yfir málefni iðnnema Gefa út kauptaxta og ýja um ýmis framkvæmdaratriði, boða til þings og fl. Vera leiðandi í baráttunni fyrir bættari kjörum iðnnema. Vera tengiliður milli hinna ýmsu félaga og dreifa til þeirra efni og upplýsingum. En gegnir INSÍ þessu hlutverki sínu í dag? NEI því miður þá hefur reynslan sýnt að svo er ekki. Þvert á móti hefur sambandið alls ekki verið leiðandi. Í raun er það eina sem Sambandið gerir er að reikna út taxtana hverju sinni, boða til illa undirbúins þings, og vera aftaníossar á ASÍ forystunni. Fyrir um. þ. bil tveimur árum var gerður samstarfssamningur milli INSÍ og ASÍ. Telur stjórn INSÍ þetta vera mikinn sigur fyrir hreyfinguna, því þetta mun auðvelda iðnnemum að ná fram höfuðbaráttumálum sínum, verkfalls og samningsrétti. Þessa afstöðu stjórnarinnar ber að fordæma því eins og stendur í þingskjölum 35. þing INSÍ "....35. þing INSÍ telur að samstarfssamningur sem þessi verði að vera í stöðugri endurskoðun vegna síbreyttra aðstæðna og breytilegra baráttuaðferða er skapast vegna sífelldra kjaraskerðinga og lítillar viðleitni ASÍ gegn þessum árásum (undirstrikun mín).

En ljóst er að samstarf sem þetta mun færa sambandið í betri aðstöðu til að ná fram sínum höfuðbaráttumálum þ. e. a. s. fullum samnings og verkfallsrétti. Er þetta ekki mótsagnakennt? Í öðru orðinu er talað um að samstarfssamningurinn muni leiða okkur fram á við og í hinu orðinu er talað um litla viðleitni ASÍ til að snúast gegn árásum ríkisvaldsins og atvinnurekenda á kjör og rétt verkafólks. Það er sannað mál að ASÍ forystan ber hag iðnnema ekki fyrir brjósti það sést m. a. af því að á samningafundum ASÍ og atvinnurekenda eru iðnnemar reknir út þegar fjalla á um þeirra mál Hefja verður upp baráttu gegn samstarfssamningi þessum því hann er aðeins dragbítur á að iðnnemar öðlist fullan og óskoraðan samnings og verkfallsrétt. Iðnnemar verða að gera stjórn INSÍ ljóst að hún er ekki sjálfkjörin til að hanga aftan í forystunni. Kjósa verður til forystu iðnnema sem beita sér fyrir auknu sjálfstæði INSÍ og einstakra iðnnemafélaga gagnvart ASÍ forystunni. Aðeins



Verðbólga fyrir arðnæningjana

Aldrei að segja aldrei, hljóðar gamalt máltæki. Það sýndi sig 9. september í ár að þetta máltæki á nokkurn rétt á sér.

Þá átti sá óvænti atburður sér stað að verðbreytingar er reiknað var með að kæmu 15. september er ríkisstjórnin lækkaði verð á matvöru er nam söluskattinum, (það er 16,66%) var notað til að endurskoða alveg ný útreiknaða kaupvísitölu. Já, fram á þann dag höfum við launþegar séð margar verðbreytingar gerðar á almennum neysluvörum, strax eftir útreikningana á kaupgjaldsvísitölunni og engar bætur gerðar, þó að útborganir samkvæmt vísitöluútreikningunum átti ekki að fara fram fyrr enn um næstu mánaðarmót á eftir. Sem dæmi þá var vísitala reiknuð út 1. júní 1976 og áttu laun að hækka samkvæmt henni 1. júlí 1976 (hin frægu rauðu strik). En 5. júní hækkuðu allar landbúnaðarvörur það stórlega að kauphækkun sú sem verkafólk átti að fá 1. júní var að engu gerð. bara á þessum eina mánuði, hvað þá þremur mánuðum seinna. Ekki var þá hlaupið til og ný vísitala reiknuð. Nei ekki aldeilis. En nú er öldin önnur. "Nú höfum við vinstri stjórn". "Stjórn verkalýðsins". Þess vegna hljótum við að fá breyttar aðferðir. Eða hvað, var ekki eitthvað bogið við þessa óvæntu "vinsemd" ríkisvaldsins. Jú, nú var nefnilega um lækkun vísitölunnar að ræða, þannig að breytingarnar eru eins og venjulega verkalýðnum í óhag. En það var ekki nægilegt að breyta vísitölunni frá og með þeim degi er verðlækkun matvörunnar fór fram, það er 15. september nei vísitalan var lækkuð 10. sept. . Þannig fá arðræningjarnir 5 daga, þar sem launafólki er borgað lægra kaup vegna þess að von er á verðlækkun. Og enn er ekki öll kurl komin til grafar. Því að jafnhliða þessu var gengi íslensku krónunnar lækkað um 15% (það þýðir að erlendir gjaldmiðlar hækka um 18 til 19%, en samkvæmt því hækkar vöruverðið). Því munu vörur hækka á næsta mánuði, misjafnlega hratt eftir því hvort varan er keypt beint að utan eða hvort hún notast við erlendar vörur í vinnslunni Já, verðlækkunin er horfin jafnvel áður en launafólki fær tíma til að ná því hvaða vörur það voru sem lækkuðu fyrr en þær verða búnar að hækka upp í sama verð á nýjanleik. Já, þrátt fyrir mismunandi aðferðir er niðurstaðan sú sama. Vöruverðið hækkar stöðugt, en vísitölu útreikningarnir eru gerðir með þriggja mánaða fresti og þá aðeins tekið tilllit til orðinna hækkanna, þannig að launafólk nær aldrei að halda kaupmætti launa sinna með hjálp vísitöluhækkana. Það er því sama kjaraskerðingin sem "nýja vinstri stjórnin" er að framkvæma þessa dagana, "hægri stjórnin", þegar hún veitir launafólkinu kjarabætur í formi verðlækkana á matvörum um leið og hún tekur með hinni hendinni með hjálp vísitölufalsana.

Reikniskunst Tómasar

Reiknilist nýju ríkisstjórnarinnar er með eindæmum.

Láglaunastefnan svokallaða, sem í reynd er sú stefna að yfirgnæfandi meirihluti launþega hafi lág laun virðist ekki lengur eiga upp á pallborðið hjá stjórnarflokkunum.

Nú er blaðinu snúið og hærri laun hækka en lægstu standa í stað eða lækka.

Trúgjarnir menn hafa sjálfsagt haldið að þetta væru mistök. En Tómas Árnason tók af allan vafa í viðtali við Vísi í síðustu viku. Þetta á að vera svona: lægstu laun eiga að lækka!

Og hversvegna? Jú, þeir lægstlaunuðu njóta meira góðs af söluskattsafnáminu. - Samkvæmt reikniskúnst ráðherrans ætti þá launalaus maður að njóta langmest góðs af lækkun matvörunnar, því ef hann hefði hefði laun mundi neyslugeta hans á matvöru aukast hlutfallslega langmest!

Þannig hefur ráðherranum tekist að sanna að því minna sem maður fær og því meira sem af manni er tekið þeim mun betur er maður settur og best ef maður fær alls ekki neitt.


Það er hollt fyrir launafólk að hafa þetta í huga. Það er ekki við góðu að búast af þessari ríkisstjórn.

Ríkisstjórn sem "sannar" það að þeir lægstlaunuðu græða á kjaraskerðingu er ekki verð neins trausts.

Menn skyldu einnig hafa í huga að það er við þessa ríkisstjórn sem forystumenn ASÍ og BSRB eru að makka. Sem kunnugt er þá reikna þeir á sama hátt og Tómas.

Verkafólk þarf því að búa sig undir baráttu gegn þessari stjórn. Þeim mun meira þar eð forystumenn launþega standa fyrir kjaraskerðingu.

Frá þeim í toppklíku ASÍ og BSRB er einskis góðs að vænta ekki frekar en frá ríkisstjórninni.



Láglaunastéttunum bjargað!
Tómas ræðst af hörku gegn offitunni.

LEIÐARI

Efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar

Efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar eru nú að verða fólki æ ljósari. Því hafði verið lofað fyrir kosningar af verkalýðsflokkunum svokölluðu, að efnahagsvandinn yrði leystur á kostnað þeirra ríku. en launþegar og sérstaklega láglaunahópar fengju að njóta þeirra kjarasamninga sem verkalýðsfélögin höfðu gert.

Efndir þessar hafa orðið með ansi sérstæðum hætti. að vísu hefur að nokkru verið vegið að þeim sem mikið hafa. en gallinn er bara sá að þar er miðað við laun. en ekki við gróða sem skapast af eign á framleiðslutækjum. Há laun eða það er að segja heildartekjur yfir eitt ár. eru ekki það sem fólk vill láta skattleggja sérstaklega. Það er gróði atvinnurekenda sem hefði átt að skattleggja. T.d. fyrirtækja sem barist hafa í bökkum eftir því sem eigendur þeirra segja. en á sama tíma er fyrirtækið endurbyggt eins og eitt þeirra fyrirtækja sem verst hefur látið. Þetta sama fyrirtæki hefur stóra fjölskyldu sem sjá verður farborða og synir eigandans hafa t.d. byggt sér einbýlishús á síðustu tveim til þrem árum. sem kosta tugir milljóna. ferðalög hafa verið með svipaðri tíðni og venjulegt fólk skreppur bæjarleið hér innanlands.

Það er þessi gróði atvinnurekenda sem hvergi hefur komið fram nema sem kostnaður sem launafólk vill að verði skattlagður. Launþegar sætta sig ekki við að ævinlega verði gengið í vasa þeirra til að borga óhófslíf yfirstéttarinnar. sem er algjörlega skattfrjáls. Hátekjuskatturinn nær ekki til manna sem byggja hús upp á 100 milljónir á síðasta ári. en bera aðeins 6 milljónir í skatt. Þetta eru sníkjudýrin í þjóðfélaginu. meinsemd sem almenningur ætlaðist til að núverandi ríkisstjórn snérist gegn. Það hefur ekki orðið. en í stað þess eru launþegar. sem hafa há laun oftast með óhóflegri vinnu. skattpíndir. en aðrir launþegar sem lægri hafa launin. oft á tíðum. jafnvel enn meira skattpíndir hlutfallslega.

Óréttlætið í skattamálum verður ekki leiðrétt með gervilausnum núverandi ríkisstjórnar. sem eru lítið annað en áróðursbragð þeirra sem nú eru að svíkja loforðin um að láta auðstéttina borga brúsann

Á sama hátt eru niðurgreiðslurnar nú áróðursbragð og lítið annað. Það er látið líta svo út sem verið sé að efna loforðin um samningana í gildi og jafnvel vöruverðslækkanir. En í raun hafa samningarnir síður en svo verið settir í gildi og landbúnaðarvöruverðið hefur ekki verið lækkað í raun, heldur eru vísitöluhækkanir sem áttu að koma á launin um mánaðarmótin vegna hækkunar alls verðlags. ekki bara landbúnaðarafurða. notuð til að seinka hækkunum í einum vöruflokki.

Þessar aðgerðir koma fyrst og fremst atvinnurekendum til góða. sem ekki þurfa að auka launakostnaðinn. Það má segja að launþegar séu að borga landbúnaðarvörurnar fyrirfram með þessu fyrirkomulagi sem nú hefur verið tekið. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar eru blekking. ekkert er hreyft við gróða atvinnurekenda. Ríkisstjórnin er aðeins að krukka í laununum og forfæra peninga frá launafólki til atvinnurekenda í raun svipað og fráfarandi ríkisstjórn.

Það var ekki þetta sem launafólk var að biðja um í síðustu kosingum. engar nýjar lausnir hafa komið fram. Öll gömlu úrræðin eru endurtekin og ekkert bendir til að orðið hafi raunveruleg breyting. þó að nýir flokkar hafi tekið við.

Verkafólk getur ekki treyst þessum flokkum fyrir hagsmunum sínum til þess eru þeir allt of tengdir því þjóðfélagsskipulagi sem við búum við. Það verður að hefja baráttuna í verkalýðsfélögunum fyrir því að ný sjónarmið nái fram að ganga. Krafa verkafólks er að baráttan sé háð gegn meinsemdum þjóðfélagsins, laun verkafólks eru ekki slík meinsemd, en það er aftur á móti gróði atvinnurekenda

Báðir aðilar ætla sér að berjast til sigurs


Skæruliðaforinginn Cero.

til áframhaldandi reksturs fyrirtækja og þar sem vinna fór fram var það undir vopnavernd varðliðanna. Átök urðu milli verkfallsmanna og verkfallsbrjóta. Þau breiddust út í Manaqua höfuðborg Nicaragua og skotbardagar urðu á götum úti.

Átökin breiddust um landið eins og eldur í sinu og á miðvikudaginn 30. ágúst voru götubardagar í 5 borgum, Manaqua, Leon (næst stærstu) Matagalpa (þriðja stærst), Esteli og Jinopete (sjá kort).

Tölur um mannfall eru óáreiðanlegar og eins hversu margir eru særðir. Vitað er um hátt á 100 manns látna og mörg hundruð særða en Rauði Krossinn segir fólk almennt vera hrætt við að gefa sig fram við sjúkrahús af ótta við þjóðvarðliðið. Varðliðarnir hafa framið mörg hryðjuverk á óbreyttum borgurum undanfarna daga. Sem dæmi um það er að á miðvikudaginn 30. ágúst réðist þjóðvarðliðasveit inn í Matagalpa sem skæruliðarnir höfðu þá haldið í 4 daga, búin sjálfvirkum vopnum, skriðdrekum og eldflaugum, og kostaði sú árás 17 óbreytta borgara lífið og nærri 100 særðust, svo vitað sé. Lofterinn hefur einnig látið sprengjur rigna yfir Matagalpa, sem telur um 40.000 íbúa.

Somoza segir:"Nicaragua er langt frá því að vera fullkomið lýðveldi en það er að þróast í átt til lýðræðislegrar ríkisstjórnar" og ennfremur "við munum halda heiðarlegar og réttlátar kosningar árið 1981". Hann heldur því fram að Mið-Ameríkuríkið, Nicaragua, sé eitt það lýðræðislegasta í álfunni. En eitt er víst, að það sem heldur Somoza að völdum í dag er hversu þjóðvarðliðarnir eru vel vopnum búnir og standa þannig mun betur að vígi en hinir léttvopnuðu skæruliðar.

31. ágúst 1978.


Skæruliðar hrósa sigri við komuna til Panama.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 16:00 - 18:30.

AKUREYRI
Jón Atli Játvarðsson
Skarðshlíð 30.

KEFLAVÍK
Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c.

HAFNARFJÖRÐUR
Fjóla Rögnvaldsdóttir
Reykjavíkurvegi 24.

HELLISSANDUR
Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10.

SVÍÞJÓÐ
Kristján L. Guðlaugsson
Kämnärsvägen 11 N:220
222 46 LUND

Rauða Stjarnan Bókabúð

Opið mánudaga til fimmtudaga frá kl. 15:00 - 18:30, og föstudaga frá kl. 15:00 - 19:00



Sjónvarpið veldur félagslegri einangrun

Dufþakur

Það þykir víst sjálfsagður hlutur að eiga sjónvarpstæki. Þetta er orðinn nauðsynja-vara á borð við útvarp, síma hljómflutningstæki o. þ. h. Það væri því verðugt rannsóknarefni að komast að því hve mikil áhrif sjónvarpið hefur á skoðanamyndun fólks og hversu miklum tíma menn verja fyrir framan imbakassann.

Í síðasta pistli var stuttlega minnst á örðugleika íslenskrar kvikmyndagerðar. Nú er það svo, að þróunin í þeim efnum er öfug miðað við flest lönd heims. Víðast hvar hefur þróunin í kvikmyndagerð verið komin á töluvert hátt stig áður en sjónvarp kom til sögunnar. Þannig er þessu ekki varið hér á landi. Innlend kvikmyndagerð er varla búin að slíta barnsskónum þegar sjónvarpið heldur innreið sína á heimilin. Eiginlega má segja, að tilkoma sjónvarpsins hafi verið ill nauðsyn. Um tíma hafði Keflavíkursjónvarpið einokunaraðstöðu hvað þetta snertir og þegar ráðamönnum þjóðarinnar þótti nóg boðið af slíkri andlegri niðurlægingu landsins var gripið til þess ráðs að hefja rekstur íslenskrar sjónvarpsstöðvar. Borgarastéttin greip þarna gullið tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Það var mikið kapp lagt á, að sjónvarpið næði til sem flestra. Svo mjög, að jafnvel betrumbætt skilyrði til að hlusta á útvarp sums staðar á landinu voru látin sitja á hakanum. Sömu sögu er að segja um ýmsa aðra þjónustu. Höfundur þessara pistla átti leið um Austfirði fyrir tveim árum. Þá upplýsti ein ágæt bóndakona hann um það, að aðeins fáein ár væru liðin frá því rafmagnið kom í sveitirnar þar.

Þegar þau sjónvarpstæki, sem fólk hafði fest kaup á, er Ríkisútvarpið - sjónvarp hóf göngu sína, voru orðin úrelt, var gripið til þess snjallræðis að skipta yfir í lit - m.a. til þess að innflytjendur sjónvarpstækja græddu meira.

En hvers vegna var varið svona mörgum fjármunum í sjónvarpið? Væri ekki nær að brúka þá peninga til einhvers annars þarfara? Ætli það sé ekki einfaldlega vegna þess, að ríkjandi öfl í þjóðfélaginu sjá sér hag í því. Sjónvarpið er nefnilega öflugt hugmyndafræðilegt vopn í höndum borgarastéttarinnar.

Það er þessari burgeisa - stétt í hag, að alþýða landsins sé sem allra mest einangruð og hafi sem minnst afskipti af félagsmálum. Áhrif sjónvarpsins eru tvímælalaust þau, að það hefur stuðlað að félagslegri einangrun og haft sjóvgandi áhrif á fólk. Hér áður fyrr var þátttaka fólks í hvers kyns félags-og stjórnmálastarfi miklu meiri en nú er. Fólk hittist líka oftar til að rabba saman um lífsins gagn og nauðsynjar. Þetta hefur breyst með tilkomu sjónvarpsins - því er ekki að neita.

Við höfum líka fyrir augunum annars konar dæmi um félagslega einangrun. Tökum verkamannahverfið Breiðholt sem dæmi. Félagsstarfsemi þar er að heita má engin. Þar er ekki einu sinni fundarsalur, hvað þá bíó, leikhús eða þess háttar. Nei, þegar verkalýðurinn er ekki að mala gull fyrir kapítalistana er hann best geymdur innan fjögurra veggja heimilisins fyrir framan afþreyingarmiðil þann, er sjónvarp nefnist.

Hvað er INSI?

á þann hátt getum við öðlast rétt okkar. Vafalaust verður hart um þetta mál barist á 36. þingi INSÍ þann 2o, 21, 22. nk. Allir baráttusinnar verða að taka höndum saman á þinginu UM VERKSKÓLANA.

Mikið hefur verið rætt um verknámskóla iðnaðarins undanfarið En í þessu sambandi er margt að varast og hreyfingin getur ekki sett þetta mál á oddin nema að undangengnum ýmsum öðrum atriðum. T.d. eiga skólarnir að starfa 9. mánuði af árinu, og fær neminn ekkert kaup greitt á meðan. Þetta kemur illa niður á mjög mörgum sem hyggjast leggja stund á iðnnám. Þeir hafa ekki tækifæri til að sækja skólann sökum þess sem fyrr greinir. Mál þetta verður að skoða vel ofan í kjölin áður en INSÍ gefur endanlega frá séreinhverja fullmótaða afstöðu í þessu máli. Þegar svo stutt er í næsta þing INSÍ vakna ýmsar spurningar um hvernig eigi að heyja baráttuna fyrir mannsæmandi lífi iðnnema. Í fyrsta lagi verður að hafna þeirri forystu sem lætur stéttasamvinnupredikaranna í ASÍ teyma sig á asnaeyrum. Við verðum að velja leið stéttabaráttunnar. Hvert einstakt félag innan INSÍ verður að vera virkt, hver og einn einasti félagi innan INSÍ verður að taka þátt í þessari baráttu. Nú vitum við að ástandið er þannig í dag að flest félög innan INSÍ eru meira og minna óvirk. Það stafar ekki af því að almennir félagar hafi ekki neimáhuga á málefnum sínum, heldur er það vegna þess að til forystu hafa valist menn sem ekki eru nægilega virkir og áhugasamir þeir eru kosnir og síðan detta þeir fljótlega út úr starfinu og skilja eftir sig autt skarð. Þessu verður að breyta. Kjósa verður trúnaðarmenn á öllum vinnustöðum þar sem iðnnemar eru og koma því þannig fyrir að að gott samband sé á milli þeirra og stjórnarinnar. Einnig verður að halda félagsfundi reglulega. Halda úti fræðslustarfsemi um rétt iðnnema. Margt fleira mætti benda á, en þetta verður látið duga í bili. Hugmynd mín er sú að skrifa fleiri greinar um þessi mál og taka þá upp lið fyrir lið málefni iðnnema. t.d. kjaramál, félagsmál, þjóðmál, skólamál og fleira.

Verkamannahverfi í Sjanghæ

Sjanghæ er stærsta og fjölmennasta borg Kína. Þar búa ellefu milljónir manns, þar af helmingur í úthverfunum.

Í úthverfunum er rekinn landbúnaður með sameignarsniði. Frá þessum alþýðukommúnum fá Sjanghæbúar matvæli.

Sjanghæ er ólík Pekingborg. Í Peking eru hús lág og götur breiðar. Sjanghæ ber hinsvegar evrópskan svip, götur eru þrengri og hús há. Þetta á þó að helst við um miðborgina enda eru flestar byggingar þar frá nýlendutímanum. Þar getur að líta heil hverfi með frönskum, enskum og þýskum byggingarstíl, allt eftir því hvert heimsvaldaríkjanna hefur "átt" viðkomandi hverfi. Þar voru líka lystigarðar þar sem þjónar heimsvaldastefnunnar gátu lifað í makindum. Næstum ekkert þar minnti á Kína; ekkert nema áletrunin á veggnum umhverfis garðinn: Hundum og kínverjum bannaður aðgangur.

Og það var á þessum götum sem enskir og amerískir hermenn sátu drukknir í handvögnum og skutu kúlíana í bakið.

Nú eru það einungis húsin í miðborginni sem minna á nýlendutímabilið. Ensk-þýsk-fransk-bandaríska borgin er orðin kínversk.

Sjanghæ var borg eymdarinnar, spillingarinnar og niðurlægingarinnar. Nú er hún tákn þess afls sem alþýðan er þegar hún losnar undan arðránsklafa auðvaldsins.

BORGIN SKIPTIST Í NOKKUR HVERFI.

Sjanghæ skiptist í ellefu hverfi sem aftur skiptast í smærri einingar, Í hverfunum eru æskulýðshallir, menningarhallir, leikhús, kvikmyndahús o.s.frv.

Smærri hverfin mynda síðan að einhverju leyti sjálfstæðar einingar.

Í hverfi því sem hér verður sagt frá búa um 7500 manns í 35 íbúðarblokkum.

Blokkirnar eru venjulega 5 hæðir. Svæðið milli blokkanna er haft stórt en vel skipulagt. Þar er hugsað fyrir leiksvæðum handa börnum, breiðum og góðum gangstígum, auk trjá- og grasgarða. Yfirleitt er gróður mikill í þessum hverfum þannig að úr verður vinalegt og manneskjulegt blokkahverfi; dálítið sem íslendingar gætu dregið lærdóma af.

Í hverfinu er barnaskóli, barnaheimili, útibú alþýðubankans sem starfar eins og aðrar kínverskar stofnanir fyrir hagsmuni alþýðunnar, gagnstætt alnafna hans í Reykjavík. Í hverfinu eru einnig verslanir með nauðsynjavörur, pósthús og tvær verksmiðjur fyrir fólk sem einhverra hluta vegna getur ekki farið til vinnu út fyrir hverfið.

BJÓ Í "HELLUM".

Þessi hverfi eru framkvæmd á áætlun kínverja um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

Húsnæðið á hverja fjölskyldu telst varla stórt á íslenskan mælikvarða. Þrátt fyrir gífurlegan fólksfjölda hefur kínverjum orðið vel ágengt í þessu starfi. Til marks um hve stórkostlegt þetta starf er má benda á að ef auka á húsrými sérhvers íbúa um 1 fermetra þá þarf að byggja sem svarar 900.000.000 fermetrum.

Enn sést betur hve gífurlegt átak þetta er ef skoðað er húsnæðið sem alþýðan í borginni bjó í fyrir frelsun.

Fólk sem flúði til borgarinnar úr sveitum landsins átti í engin hús að venda. Framtíð þess var að blandast saman við öreigahópinn sem fyrir var.

Aðalatvinnan var betl og skóburstun fyrir þá fáu sem efni höfðu á einhverju slíku.

Flestra beið atvinnuleysið. Ungar stúlkur gátu fengið "atvinnu" við að þjóna yfirstéttarköllum til borðs og sængur.

Hvernig fólk í þessari ömurlegu aðstöðu að því að eignast þak yfir höfuðið?

Eina leiðin var að byggja það sjálfur.

Efniviðurinn var þurrt gras en "húsin", sem kínverjarnir kalla "hella á jörðunni", voru lítil og í laginu eins og margfalt smækkuð mynd af hermannabragga. Algengasta stærðin er 2 fermetrar. Hæð kofanna var rúmlega einn metri.

Þessvegna segja kínverjar nú að alþýðan fyrir frelsun gat ekki staðið upprétt; annarsvegar vegna pólitískrar og efnahagslegrar kúgunar og hinsvegar vegna þess að til þess var of lágt til lofts.

Það sem gamla fólkið var vant að segja lýsir vel "húsnæðinu": Við áttum ekki ábreiður, bara þakið og himininn var ábreiða, jörðin rúm, vindurinn sópaði gólfið og tunglið lýsti upp "húsið".

Slík var eymdin og niðurlægingin.

BREYTINGIN.

Strax eftir frelsunina var hafist handa við að útrýma þessum kofum. Gerð var áætlun um að koma upp bráðabirgðahúsnæði. Markmið þeirrar áætlunar var að koma öllum íbúum borgarinnar úr kofunum í lag hús, sem hvergi voru nógu góð en mikil framför samt. Þetta starf hófst 1952 eftir að bætt hafði verið úr atvinnuástandinu.

Rafmagn og rennandi vatn var í þessum húsum. Þegar því mikla starfi var lokið að koma öllum íbúum borgarinnar fyrir í slíkum húsum var önnur áætlun sett í gang. Sú áætlun er enn í gangi og miðast að því að útrýma bráðabirgðahúsunum og byggja blokkahverfi í þeirra stað.

Fyrstu blokkirnar voru reistar 1964 og nú hafa meira en milljón verkamenn flutt í slíkar blokkaríbúðir.

(Í seinni greininni frá þessu hverfi verður sagt frá heimsókn til aldraðs verkamanns. Hún birtist í næsta blaði).



Byggingaverkamenn í Shanghai kalla svo undir tekur: "Niður með fjórmenningana".



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
35. tbl. Þriðjudagur 19. september 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Camp David-viðræðurnar

Allir þeir stjórnmálamenn og áhugamenn um stjórnmál sem studdu og fögnuðu ferð Sadats Egyptalandsforseta til Ísrael, hafa verið að sjá það smám saman eftir því sem lengra hefur liðið að það er tilgangslaust að halda áfram viðráðum við Begin og klíku hans. En Sadat forseti er sá eini sem ekki vill viðurkenna þau mistök sem honum urðu á með hinni sögulegu pílagrímsför sinni. Bandarísk stjórnvöld og ísraelsmenn eru mjög áköf í að halda hinum tilgangs lausu viðræðum áfram í þeim tilgangi að fegra sjálfa sig í augum heimsins. Carter forseti sem hefur nú þegar hafið kosningabaráttu sína, hafði margar ástæður til heimboðsins til Camp David. Ameríkanar og ísraelsmenn stefna að því að dýpka sundrunguna meðal araba og snúa Sadat frá arabaheiminum í þeim tilgangi að veikja hinn sameinaða herstyrk araba. Á sama tíma ætla Ísraelsmenn að notfæra sér ástandið til þess að halda áfram áætlunum sínum um aukna búsetu á herteknu svæðunum og til að þróa áfram og auka hernaðarleg umsvif sín og styrk með aðstoð Bandaríkjamanna. Bandarísk stjórnvöld halda því fram að áframhald viðræðnanna muni seinka eða jafnvel koma í veg fyrir að beitt verði hernaðarlegu valdi. En á meðan þessu er haldið fram eru þeir ófærir um að sannfæra sína elskulegu ísraelsku vini og bandamenn um að gefa eftir nokkurn einasta landskika sem máli skiptir við Sadat. Bandarísk stjórnvöld og ísraelsmenn neita enn að viðurkenna rétt palestínumanna til að búa í sínu eigin sjálfstæða ríki. Þeir neita að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og neita að viðurkenna PLO sem löglegan fulltrúa hennar. Nú sem fyrr er pólitík bandaríkjanna sú að útrýma PLO. Óvinir Palestínsku þjóðarinnar vonast jafnvel eftir því að með viðræðunum í Camp David takist þeim að kljúfa raðir PLO. Þeir eru að reyna að auka spennuna milli "hægri og vinstri afla" innan PLO og kalla fram innbyrðis stríð Palestínumanna. Eftir að bandarísku heimsvaldasinnunum og síonistum mistókst að útrýma PLO í Jórdaníu 1970 og 1971 og svo aftur í Líbanon 1975, 1976 og nú síðast í fimmta stríðinu í S-Líbanon í mars 1978, reyna þeir nú að sundra hreyfingunni innanfrá. Arabískir bandamenn síonismans og heimsvaldastefnunnar eru nú að útfæra áætlanir þeirra gegn palestínumönnum í Líbanon og fulltrúum þeirra erlendis. Morðin á fulltrúum í London, Kuwait og París má skoða sem hluta af altækri áætlun heimsvaldasinna til að útrýma PLO. Þetta er í samræmi við yfirlýsingu Brezinskis "bless, bless PLO" frá því í desember síðastliðnum og ákvörðun ísraelsstjórnar um að útrýma PLO skömmu fyrir innrás ísraelsmanna í Suður-Líbanon.

Það má spyrja, hver verður niðurstaða Camp David-fundarins? Ísraelsmenn munu halda áfram að neita að gefa nokkrar verulegar tilslakanir gagnvart kröfum Sadat og halda til streitu sinni ósamvinnuþýðu stefnu. Sadat, hins vegar, mun krefjast málefnalegs samnings. En Carter forseti mun halda áfram að þrýsta á frá báðum áttum til að halda frumkvæði sínu. Á þennan hátt gætu þeir hugsanlega náð samkomulagi um þau grundvallaratriði sem Sadat hefur verið að betla um lengi. Ísraelsmenn gætu þrátt fyrir skefjalausa útþenslustefnu sína hugsanlega fallist á að hverfa frá ákveðnum stöðum í Sinai, til dæmis El Arish.

En hvað við kemur Vesturbakkanum, Gazasvæðinu og Golanhæðum, er engra breytinga að vænta. Þess vegna er árangurinn fyrirsjáanlegur: Enn önnur mistök Sadat og Carter.

Þýtt og endurs. úr Palestine bulletine.



Fjöldamorðinginn Begin og vinur hans Sadat á fundinum í Camp David.



Vopnaðir hermenn sjá um að verkamenn vinni.

Báðir aðilar ætla sér að berjast til sigurs

Byltingarástand í Nicaragua.

Allsherjarverkfall skall á í Nicaragua föstudaginn 25. ágúst í kjölfar þess að 25 skæruliðar Sandinistahreyfingarinnar hertóku Þjóðarhöllina og handtóku þar yfir 1000 manns. Skæruliðarnir héldu höllinni í tvo daga eða þar til þeir höfðu fengið fram kröfur sínar um að látnir yrðu lausir 58 pólitískir fangar og greitt yrði 500.000 dollara lausnargjald. Síðan flugu skæruliðarnir og hinir fyrrverandi pólitísku fangar til Panama City þar sem ríkisstjórn Omars Torrijos veitti þeim landvistarleyfi sem pólitískum flóttamönnum.

Allsherjarverkfallið.

Verkfallið er pólitískt og þess helsta markmið er að yfirbuga einræðisstjórnina og knésetja einræðisherrann Anastasio Somoza hershöfðingja. Það er raunverulegt og eðlilegt framhald af 15 daga mótmælaverkfalli sem átti sér í janúar vegna aftöku á Pedro Joaquín (hamorro. stjórnarandstæðing og fréttaara blaðsins La Preusa)

Þrjú stærstu verkalýðsfélög landsins eru í verkfalli, General Confederation of Workers, the Nicaraguan Workers Center (kristilegir sósíalistar stjórna því) og Confederation of Union Unity (nátengdir AFL -CIO í USA).

Auk verkalýðsfélaganna styðja 12 pólitískir flokkar verkfallið, Sandinistahreyfingin og tveir aðrir marxískir flokkar, 4 íhaldssamir flokkar, tveir klofningsflokkar úr Frjálshyggjuflokki (Liberal Party) Somoza, tveir kristilegir sósíalistaflokkar og svokallaðir "flokkur hinna 12"; prestar, "doktorar", vísindamenn og "buisnessmenn".

Sandinistahreyfingin.

Skæruliðar Sandinistahreyfingarinnar sem barist hafa hvað harðast gegn einræðinu, nefna sig í höfuðið á heitnum skæruliðaleiðtoga frá því 1920-1930, sem þá barðist gegn setuliði Bandaríkjanna í Nicaragua. Bandaríska herliðið fól föður Somoza, núverandi forseta, yfirstjórn yfir Þjóðarvarðliðinu (The National Guards) en það er nú skipað 8000 velþjálfuðum og velvopnuðum hermönnum og þeir eru orsök þess að Somoza situr enn að völdum og að ætt hans hefur þar setið í 42 ár.



Alfredo Somosa.

Leiðtogi Sandinistahreyfingarinnar við hertöku Þjóðarhallarinnar var Zero (Commantante Cero), mikilhæfur baráttumaður sem háð hefur hildi við Somoza -stjórnina í 16 ár. Zeros rétta nafn er Eden Pastora og hann sagði við hertökuna að Somoza myndi ekki hverfa frá völdum fyrr en hann væri neyddur til þess og því myndi hann og félagar hans ekki hætta baráttunni. Hann hefur oft áður barist vopnaðri baráttu gegn stjórninni í regnskógunum í norðri, nálægt landamærum Honduras. Milli áranna 1962-1965 tók hann þátt í a.m.k. 5 uppreisnum gegn Somoza. Þegar Sandinistahreyfingin klofnaði í 3 arma á s.l. ári, varð Pastora foringi fyrir þeim herskáasta og sem staðið hefur fyrir helstu vopnuðu orustunum gegn Þjóðvarð-s-liðinu. Þó Pastora hafi flogið með flóttafólkinu til Panama er hann ekki talinn líklegur til að haldast við utan Nicaragua.

Sandinistahreyfingin klofnaði í 3 arma vegna ágreinings um sósíalísku byltinguna og hvernig heyja skuli stéttabaráttuna.

Somoza segist ekki segja af sér

Þrátt fyrir mikla pressu, bæði utan og innan frá, segist Somoza ætla að sitja út kjörtímabilið það sem hann hefur sett sér eða til 1981. Hann hefur gegn sér yfirgnæfandi meirihluta hinnar 2,5 milljón manna þjóðar.

Sumir segja andstæðinga hans vera 98% þjóðarinnar. Jafnvel stór hluti þjóðarvarðliðsins hefur snúist gegn Somoza. Um miðjan ágúst voru 30 af 35 háttsettum foringjum í varðliðinu handteknir og ásakaðir um samsæri og tilraun til valdaráns. Mánudaginn 28. ágúst voru tæplega 100 varðliðar handteknir ásamt 12 liðsforingjum ásakaðir um að ætla sér að hrifsa völdin í landinu. Somoza forseti segir varðliðsmennina misskilja ástandið, þeir hafi talið sig (Somoza) ekki getað stjórnað landinu lengur og til að bjarga því úr klóm marxista hafi þeir reynt valdarán. Hann segir 98% þjóðvarðliðsins vera dygga og einlæga stuðningsmenn sína.

Barist við þjóðvarðliðið.

Verkfallið leiddi þegar í stað til vopnaðrar baráttu, þar sem þjóðvarðliðið hvatti

frh. bls. 2.



Kort af bardagasvæðunum í Nicaragua.